

## **Umsögn við tillögu til þingsályktunar um bann við veðmalastarfsemi í tengslum við íþróttakappleiki ósjálfráða ungmenna og skipulagningu hennar.**

Íslenskar getraunir taka undir tillögu til þingsályktunar um bann við veðmalastarfsemi í tengslum við íþróttakappleiki ósjálfráða ungmenna og skipulagningu hennar.

Ólögleg veðmalastarfsemi hefur vaxið gríðarlega á Íslandi á undanförunum árum án þess að stjórnvöld hafi brugðist við á nokkurn hátt. Ljóst er á rannsóknum að spilun ungmenna, sér í lagi ungra drengja, hefur vaxið mikið enda hafa ólöglegar erlendar veðmalasíður beitt öflugum auglýsingaherferðum á samfélagsmiðlum í átt að þessum hópi. Rannsókn Dr. Daníels Ólasonar á spilahegðun Íslendinga frá árinu 2023 sýnir að 6,9% ungra karlmannna 18-25 ára eigi við spilavanda eða spilafíkn að stríða og er aukningin veruleg frá fyrri árum. Sama rannsókn sýnir að þeir sem spila á ólöglegum erlendum veðmalasíðum eru 14 sinnum líklegri til að þróa með sér spilavanda og spilafíkn. Til að setja þessa tölu í samhengi hafa spilakassar verið taldir hættulegasta spilaformið en þeir sem spila þar eru tvisvar sinnum líklegri til að þróa með sér spilavanda og spilafíkn.

Íslenskar getraunir taka undir með greinargerð flutningsmanna þar sem þeir benda á hættur sem fylgja veðmalum á leiki ungmenna bæði hvað varðar að leggja fjármuni undir leiki sem vinirnir eru að spila, sem og þann freistnivanda sem til staðar er fyrir óharnaða unglinga þegar kemur að hagræðingu úrslita.

Þessu til viðbótar má bæta við að erlendu ólöglegu veðmalafyrirtækin eru oft með ranga stuðla á leikjunum þar sem styrkleikahlutföll liða geta breyst verulega ef t.d. leikmenn sem spila venjulega í meistaraflokki félagsins taka allt í einu þátt í leik hjá 2. flokki félagsins. Geta þá þeir sem hafa upplýsingar um slíkt hagnast verulega.

Mætti ætla að það væri þá ekki fýsilegur kostur fyrir erlend ólögleg veðmalafyrirtæki að bjóða uppá veðmál á ungmennaleiki þegar þau eiga á hættu að tapa á þeim veðmalum. Leiða má að því líkum að markmiðið sé að nýta þessa leiki til að ná til sín nýjum viðskiptavinum sem fá það á tilfinninguna að þeir viti betur en veðmalafyrirtækin. Rannsóknir sýna líka að því yngri sem einstaklingar eru þegar þeir fá vinninga, því meiri líkur eru á að þeir ánetjist og þróa með sér spilavanda og spilafíkn og eyði þannig öllu því sem þeir hafa unnið og miklu meira til.

Það er því hægt að færa rök fyrir því að erlendu ólöglegu veðmálafyrirtækin nýti sér leiki ungmenna sem leið til að afla sér nýrra viðskiptavina með því meðal annars að bjóða uppá ranga stuðla sem svo getur leitt til þess, eins og rannsóknir hafa sýnt framá, að líkur aukast á að viðkomandi ungmenni þrói með sér spilavanda eða spilafíkn.

16. október 2024

F.h. Íslenskra Getrauna  
Pétur Hrafn Sigurðsson